

FRÉTTASKÝRING

Lagaprófessorinn Peter T. Örebech telur samþykkt orkupakka 3 frá ESB geti reynst íslensku þjóðinni stórskaðleg:

Meiri háttar valdaframsal í uppsiglingu í orkumálum

— Ákvarðanataga yrði flutt til ACER orkustofnunar ESB, galopnað fyrir sæstrengslögn og einkavæðingu Landsvirkjunar

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Norski lagaprófessorinn Peter T. Örebech frá Tromsø hélt erindi á fjölmennum fundi á háskólatorgi Háskóla Íslands þann 22. október sl. Samkvæmt orðum Örebech er verið að stefna íslenskum hagsmunum í orkumálum og þar með sjálfsákvörðunar- og fullveldisrétti þjóðarinnar í stórhættu ef Alþingi samþykkir að innleiða regluverk ESB á bak við orkupakka 3.

Að fundinum stóð Heimssýn, hreyfing sjálfstæðisinnar í Evrópumálum, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fékkst enginn til að tala fyrir sjónarmiðum Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur iðnaðarráðherra.

Fullyrt að orkupakki 3 hafi ekki áhrif á réttarstöðu íslenskra orkumála

Iðnaðarráðherra lét héraðsdómslögmanninn Birgi Tjörva Pétursson vinna fyrir sig greinargerð sem efnislega telur enga hættu felast í því fyrir Íslendinga að samþykka orkupakka 3. Í áliti sínu, sem birtist í september, sagði Birgir Tjörvi meðal annars að reglurnar í orkupakkanum myndu ekki hafa áhrif á eignarrétt á orkuauðlindum á Íslandi, þar sem 125. grein EES-samningsins, um að samningurinn hafi ekki áhrif á reglur samningsríkis um skipan eignaréttarins.

Þórdís Kolbrún sagði í tilkynningu um greinargerðina í september síðastliðinn að hún hafi lagt sig fram við að hlusta eftir gagnrýnisröddum á mál sem snúa að þriðja orkupakkanum. Hún sagði þar að greinargerð Birgis Tjörva væri ítarleg og svara þeim helstu álitamálum sem hefur verið rætt um opinberlega.

„Athugun á innihaldi þriðja orkupakkans styður ekki sjónarmið um að innleiðing hans fæli í sér slík frávík frá þverpólitískri stefnumörkun og réttarþróun á Íslandi að það kalli sérstaklega á endurskoðun EES-samningsins. Með innleiðingu hans væri ekki brotið blað í EES-samstarfinu,“ sagði ráðherra.

Álit sem unnið var fyrir ráðherra er þvert á álit lagaprófessorsins

Sú staðhæfing sem finna má í málinu sem unnið var fyrir iðnaðarráðherra er algjörlega þvert á það sem kom fram í máli Peter T. Örebech á fundinum í HÍ. Hann hefur líka skilað greinargerð til norska Stórþingsins vegna sama máls.

Um greinargerð Birgis Tjörva gerir Peter T. Örebech mjög ítarlegar athugasemdir og segir hann m.a. misskilja eða sjást yfir mikilvæg atriði grundvallarsamninga fyrir tilurð ESB og ekki taka tillit til fordæmisgefandi dóma um ýmis atriði hans, m.a. um eignarréttarákvæði. Örebech segir m.a.:

„Jafnvel þótt skrif lögmannsins séu dálítið óskýr m.t.t. þess, hvort



Norski lagaprófessorinn Peter T. Örebech í pontu á fundi sem Heimssýn stóð fyrir í Háskóla Íslands mánudaginn 22. október sl. Lengst til vinstri á myndinni er Haraldur Ólafsson, prófessor og formaður Heimssýnar, en hægra megin við Örebech er Vigdís Hauksdóttir, sem einnig hélt erindi á fundinum ásamt Bjarna Jónssyni rafmagnsverkfræðingi. Enginn fulltrúi fékkst frá iðnaðarráðuneytinu til að tala fyrir áliti sem ráðherra hefur látið gera um málið. Mynd / HKr.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir iðnaðarráðherra.



Birgir Tjörvi Pétursson lögmaður vann greinargerð fyrir ráðherra.



Lagaprófessorinn Peter T. Örebech hefur m.a. unnið greinargerð um orkupakka 3 fyrir norska Stórþingið.

hann haldi því fram, að reglur EES-samningsins skuli ekki gilda, nema afleiðda lagasetningin nefni það sérstaklega, þá sé ég ástæðu til að nefna, að þessu er þveröfugt farið:

Allar nýjar gerðir og tilskipanir, sem varða EES-samninginn – ef EES-löndin undirgangast þær – gilda fyrir allt EES. Ef EES-ríki óskar eftir undanþágu frá einu eða fleiri ákvæðum í nýrri Evrópuþerð, já, þá þarf að semja sérstaklega um



Framtíðarhugmyndir ESB um raforkunet sem nefnt hefur verið SuperGrid. Rauðu línurnar eru tengingar sem þegar eru komnar. Þarna er gert ráð fyrir IceLink rafstreng á milli Íslands og Bretlands. Strengurinn er þegar inni á verkefnaskrá sameiginlegra hagsmuna ESB. Íslensk stjórnvöld geta ekki komið í veg fyrir þá lagningu, að mati Örebech, verði þriðji orkumarkaðslagabálkur ESB samþykktur á Alþingi. Það mun m.a. hafa víðtæk áhrif m.a. á raforkuverð til almennings á Íslandi.

það, og undanþágurnar verða að koma fram í viðkomandi reglugerð.“

Ályktanir standast ekki og eru í mótsögn við EES-samninginn

„Niðurstaða mín er sú, að lögmaðurinn BTP dragi ályktanir, sem ekki standast. Þetta á við um skoðanir lögmannsins á, að EES-samningurinn gildi ekki um orkugeirann vegna þess í fyrsta lagi, að grein 125 í EES-samningnum – reglan um eignarrétt, sem sé á valdi hverrar þjóðar – að sögn – útiloki slíkt.

Í öðru lagi sú afstaða lögmannsins, að greinar 11, 12 og 13 um magnbundnar viðskiptahindranir gildi ekki um Ísland vegna þess að landið, eins og staðan er í dag, sé án strengtenginga við útlönd.

Hver sá, sem hefur kynnt sér réttarvenjur, mun auðveldlega sjá, að grein 125 gildir um – andstætt

því sem lögmaðurinn BTP heldur fram – eignarréttarlegar aðstæður á Íslandi, vegna þess að ESB-dómstóllinn hefur slegið því föstu, að þessar aðstæður séu ekki almennt undanþegnar hvorki innri markaðinum né „fjórfrælsinu“. Þessu er einnig slegið föstu fyrir orkugeirann, sbr. úrskurð EFTA-dómstólsins 2007 „Hjemfallssaken“ [þar sem dómstóllinn féllst á réttmæti eignarupptöku norska ríkisins af einkafyrirtækjum á vatnsaflsvirkjunum eftir ákveðinn tíma virkjananna í rekstri].

Það er enn fremur misskilningur, þegar lögmaðurinn BTP heldur því fram, með einfaldri tilvísun til þess, að Ísland er ekki tengt erlendum rafkerfum, að landið sé þar með undanþegið grundvallarákvæðum í greinum 11, 12 og 13 í EES-samningnum. Þetta er í mótsögn við sjálfan EES-aðalsamninginn, sbr. „Viðauka IV orka“ (grein 24) og EES-grein 2 a). Sömu ályktun

má draga af innganginum að nýjum reglugerðum og tilskipunum í orkugeiranum, sbr. hugtakið „EES-tengdur texti“.

Allar samþykktir aðalsamnings EES eiga – eftir því, sem hinir ýmsu „orkupakkar“ koma fram og öðlast samþykki – algerlega við um Ísland. Þetta þýðir t.d. að íslenskt bann við því að stofna til sæstrengstenginga við útlönd væri andstætt 12. grein EES-samningsins,“ segir Peter T. Örebech.

Víðtækt valdaafsal í orkumálum

Samkvæmt orðum norska lagaprófessorsins er það kristaltært að innleiðing á orkupakka Evrópusambandsins númer 3 mun leiða til þess að ACER, Orkustofnun ESB, mun ná yfirþjóðlegri stöðu á Íslandi. Það þýðir að regluverk orkupakkans mun yfirkeyra íslensk lög og standa skör hærra í lagalegu tilliti. Það felur í raun í sér algjört og mjög víðtækt valdaafsal Íslands í orkumálum. Afleiðingin yrði sú að hvaða lög og reglur sem menn kunna að setja um mögulegt bann við lagningu sæstrengs yrðu ekki pappírins virði.

Sæstrengur yrði líklega næsta skref

Íslenska ríkisfyrirtækið Landsvirkjun er enn með sæstrengslögn um „IceLink“ til Bretlands á sinni stefnuskrá og fer ekki dult með það á sinni heimasíðu. Slíkur strengur myndi um leið og hann yrði tengdur við Bretland hafa afdrifarlík áhrif hér á landi.

Því hefur m.a. verið haldið fram af Landsvirkjun að slíkur strengur myndi leiða til betri nýtingar á launaflí í íslenska orkukerfinu. Það er að hluta til rétt, en umtalsverður hluti af slíku launaflí sem færi inn á strenginn yrði orkutapi að bráð. Þá er yfirleitt ekkert talað um að strengurinn yrði rándýr og yrði aldrei lagður nema að inn á hann yrði tryggt stöðugt flæði raforku frá Íslandi. Það segir okkur að miðað við þær tölur sem forsvarsmenn Landsvirkjunar hafa sett fram að hér þyrfti að byggja sem svaraði einni Kárahnjúkavirkjun eða þrem Blönduvirkjunum til þess eins að fæðra strenginn af hreinni raforku. Afar litlar líkur eru á að samstaða næðist um slíkt meðal núverandi stjórnarflokka. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort yfirþjóðlegt vald sem fælist í undirritun orkupakka 3 gæti yfirunnið mögulegar íslenskar

laga- eða reglugerðarhindranir sem stæðu þar í veginum.

Vilja hreinsa orkuímynd ESB á kostnað þjóða eins og Íslands og Noregs

Ástæðan fyrir því að Evrópuríkin sækjast svo mjög eftir að fá aðgengi og helst ná yfirhöndinni í stjórn orkumála á Íslandi er tvíþætt og má vel sjá í tölum Eurostat. Ört vaxandi eftirspurn er eftir raforku í álfunni m.a. vegna kröfu um orkuskipti og síðan hætta á orkuskipti samfara lokun mengandi orkuvera svo ekki sé talað um kröfu um að loka kjarnorkuverum.

Stærsti hluti mengunar sem hlýst af núverandi orkuframleiðslu er svo utan sviga í þeim botnlaus blekkingarleik sem stundaður er í loftslagsumræðu heimsins. Þar er að mestu látið nægja að dæsa í finum kaffiboðum yfir mengun frá bílum og leggja þar á ráðin með skattlagningu dísil- og bensínbíla til að friða samviskuna. Bileigendur eru líka nægilega sundurlaus hópur til að ekki þurfi að óttast að hann svari fyrir sig með einhverjum efnahagslegum refsiaðgerðum.

Lítill hluti orku Evrópulandanna af endurnýjanlegum uppruna

Samkvæmt tölum Eurostat voru aðeins 12,5% allrar orku í löndum ESB af endurnýjanlegum uppruna árið 2010. Markið var sett á 20% árið 2020, en hlutfall hækkaði ekki nema um 0,7% fram til 2016 og var þá komið í 13,2%. Ef takast á að ná markmiðum þarf augljóslega að sækja hluta af hreinni orku eitthvað annað og þar dugur ekki til lengdar blekkingaleikur með pappírslægum tilfærslum á hreinni orku frá Íslandi í formi syndaaflausna eða hreinleikavottorða.

Yfir 70% af frumorku Evrópu er framleiddur með olíu, gasi og kolum

Langstærsti hluti frumorkunnar í Evrópu 2016 var framleiddur með olíu, eða 34,6% og gasi 23,3%. Þar á eftir koma kol með 14,7% hlutfall og kjarnorka er jafnfætis endurnýjanlegri orku með 13,2%, en önnur orkuframleiðsla er upp á 1%.

Mestu kolabrennslupjódirnir eru Eistland með 61,1% hlutfall, Pólland með 49,1%, Tékkland með 39,7%, Búlgaría með 31,4% og langmesti orkunotandinn, Þýskaland, fær 24,3% af sinni orku úr kolum. Þar minnkaði notkun kola, olíu og gass sárálitið á síðasta ári en orkuaukning hefur að mestu fengist úr vind- og sólarorku.

Mestu olíubrennslupjódirnir 2016 voru Kýpur með 93,1%, Malta með 78,6%, Lúxemborg með 62,8%, Grikkland með 53,1% og Írland með 49,9%.


Mestu gasbrennslupjódirnir eru Holland með 38,4%, Ítalía með 37,5%, Bretland með 36,7%, Ungverjaland með 31,2% og Írland með 28,6%.

Frakkland er langöflugast í notkun kjarnorku með 41,8% hlutfall af þeim orkugjafa. Þá kemur Svíþjóð með 33,1%, Slóvakía með 23,4% og Búlgaría með 22,5% hlutfall.

Markmiðið er allsherjar nettenging raforkukerfis Evrópu

Samkvæmt orðum Peter T. Örebech er það innifalið í stofnmarkmiðum ESB að innið skuli að nettengingu allra aðildarlandanna við orkunet Evrópu, þ.e. Trans-European Networks for Energy (TEN-E). Þá er það beinlínis skylda aðildarríkanna að miðla orku til þeirra landa sem þurfa á henni að halda. Innleiðing á orkupakka þrjú er því greinilega liður í því markmiði að festa Ísland í þessum orkuvef eða ofurneti framtíðarinnar, „European supergrid“.

Hluti af þessu dæmi er að þann 28. júní sl. undirritaði forseti Evrópuráðsins, Jean-Claude Juncker,



Eins og sést á þessu korti telja þeir sem stýra ferðinni í orkumálum ESB og samtengingu í SuperGrid orkukerfi Evrópu eftir ýmsu að slægjast á Íslandi. Auk vatnsorku er þar merkt við jarðhitaorku og vindorku.

samstarfssamning við forsvarsmenn þriggja Eystrasaltsríkja um samhæfingu raforkukerfanna í Póllandi, Litháen og Lettlandi við Evrópunetið. Í því felst áætlun um lagningu bæði jafnstraums og riðstraumstrengja á milli Póllands og hinna aðildarríkja samkomulagsins.

Hærra orkuverð

Bannað yrð að mismuna orku-kaupendum hvort á sínum enda sæstrengsins um leið og hann yrði tengdur við orkunet Evrópu. Afleiðingin yrði sú að orkuverð á Íslandi yrði að taka mið af breytilegu orkuverði í Evrópu. Það getur þýtt að orkuverð til íslenskra heimila hækkaði stórlega og fylgdi orkuverðssveiflum í Evrópu. Íslensk stjórnvöld hefðu hreinlega ekkert með það að segja. Þetta er m.a. reynslan frá Noregi.

Sundurlimun Landsvirkjunar þýðir að forsendur Þjóðarsjóðs fjúka út um gluggann

Afar ólíklegt er að yfirgnæfandi samkeppnisstaða Landsvirkjunar á íslenskum orkumarkaði yrði látin óátalin eftir innleiðingu á orkupakka 3. Sú staða stæðist ekki lög og regluverk ESB. Því yrði væntanlega sett fram krafa um að Landsvirkjun yrði hlutuð í smærri einingar. Það galopnar síðan leið fyrir einkavæðingu slíkra eininga og einstakra raforkuvera. Þar með er hrinninn grundvöllur fyrir stofnun Þjóðarsjóðs sem er eitt meginsteifið í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Þá hugmynd itrekaði Bjarni Benediktsson forsætisráðherra á ársfundi Landsvirkjunar fyrr á þessu ári. Sem sagt að komið yrði á fót sérstökum Þjóðarsjóði um arðgreiðslur Landsvirkjunar. Bætti hann við að góð fjárhagsstaða Landsvirkjunar gerði fyrirtækinu kleift að greiða umtalsverðan arð til ríkisins á næstu árum.

Ljóst er að með slíkum sjóði er um risavaxið dæmi að ræða og fjármuni sem væru þá í eigu þjóðarinnar. Það yrði ekki ónýtt fyrir áhugasama að komast í stjórnunarstöður í slíkum peningapotti.

Landsvirkjun hefur undanfarin tvö ár greitt 1,5 milljarða á ári í arð í ríkiskassann. Hörður Arnarson forstjóri lét þó hafa það eftir sér að Landsvirkjun eigi að geta greitt 110 milljarða króna í arð til ríkisins árin 2020 til 2026 enda hafi fjárhagslegur styrkur aukist verulega á síðustu árum. Með hugsanlegum uppskiptum og einkavæðingu Landsvirkjunarbúta í kjölfarið yrðu þessi Þjóðarsjóðsáform í raun úr sögunni. Einkafyrirtæki færu aldrei að ráðstafa hagnaði af orkusölu í einhvern þjóðlegan orkusjóð.

Kunnugleg blekkingarrökræða?

Í júní sagði Michael Mann, sendiherra ESB á Íslandi, í samtali við Viðskiptablaðið, að áhyggjur fólks á Íslandi af orkupakka 3 væru „algjörlega tilefnislausar“. Þriðji



Í júní sagði Michael Mann, sendiherra ESB á Íslandi, að áhyggjur fólks á Íslandi af orkupakka 3 væru „algjörlega tilefnislausar“. Þriðji orkupakkinn væri engin ógn við Ísland og vísaði hann á bug því sem hann kallaði „rangfærslum“ um áhrif hans hér á landi.

orkupakkinn væri engin ógn við Ísland og vísaði hann á bug því sem hann kallaði „rangfærslum“ um áhrif hans hér á landi.

„Megintilgangurinn með orkupakkanum er að veita neytendum ódýra og örugga orku með tilstilli markaðsafla og hann er ekki nokkur ógn við framkvæmd íslenskrar orkustefnu. Þar sem Ísland er eyja, einangruð frá öðrum orkumörkuðum, mun landið njóta víðtækra undanþága frá flestum helstu skyldum sem fylgja nýju löggjöfinni,“ sagði Mann m.a. í viðtalinu við Viðskiptablaðið.



Rétu græjurnar!

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heyrnarhlífum og samskiptabúnaði. Hugaðu að heyrninni, hún er mikilvæg!

Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.

Eitthvað hljómar þetta stefkunnuglega í eyrum þegar rifjuð eru upp orð sem féllu þegar ríkisstjórn Íslands ákvað á sínum tíma að sækja um aðild Íslands að ESB og hefja samningaviðræður og það án þess að spyrja þjóðina fyrst. Sama rökfræði var viðhöfð þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reyndi að telja Íslendingum trú um að það eina rétta í stöðunni eftir hrun væri að þjóðin tæki á sig að borga víxil vegna fjárglæfraskulda einkaaðila. Það var líka gert í Icesave-málinu og þetta er sami röksemdagrunnurinn og Grikkir voru neyddir til að koggleypa þegar þeir voru látnir taka á sig að borga griðarlegar óreiðuskuldir þýskra og franskra banka. Sendiherra ESB hefur einnig sagt:

„Þar sem EES er tveggja stöða kerfi munu þær valdheimildir sem ACER fer með í aðildarríkjum ESB verða á vegum ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, á Íslandi.“ Helsta hlutverk ACER – og ESA í tilfelli orkumála EFTA-ríkjanna – er að hafa eftirlit með mörkuðum og getur aðeins beitt valdheimildum gagnvart eftirlitsstjórnvöldum ESB-ríkja í málum þar sem eftirlitsstjórnvöldum tveggja aðildarríkja tekst ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Jafnframt eru heimildir ACER bundnar að mestu við grunnvirki sem ná yfir landamæri og eiga því ekki við á Íslandi á meðan slík grunnvirki eru ekki til staðar.“


Slíka röksemdafærslu hrakti Peter T. Örebech með rökum á fundinum í HÍ. Vísaði hann í lög og regluverk ESB og grunnþætti regluverksins sem felast í Maastricht samningnum frá 1992 og afleiðingum hans m.a. varðandi sameiginlegan innri markað aðildarríkjanna. Þar komi greinilega fram að samningur vegna heildarinnar yfirtaki lög einstakra aðildarríkjanna þegar hagsmunir heildarinnar eru taldir yfirsterkari. Tveggja stöða kerfið sé víð slíkar aðstæður haldlaust og sérstaklega þegar smáriki eins og Ísland ætti í hlut.

Þá varðar þetta líka skyldur ríkjanna til að aðstoða hvert annað í orkuöflun. Út úr slíkum yfirþjóðlegum gjörningum getur verið erfitt að komast eins og Bretar eru nú farnir að upplifa mjög vel á eigin skinni í sínum BREXIT viðræðum.

– Sjá nánar á næstu síðum um erindi Bjarna Jónssonar og Vigdísar Hauksdóttur á fundinum í Háskóla Íslands.

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringas ehf.



Bluetooth



Hefðbundin



Áföst á hjálmi



Fyrir samskipti



Í skotveiðina



Fyrir börnin



Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is

FRÉTTASKÝRING

Bjarni Jónsson rafmagnsverkfræðingur:

Samþykkt þriðja orkumarkaðslagabálks ESB yrði afdrifaríkt glappaskot

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Bjarni Jónsson rafmagnsverkfræðingur tekur undir álit Peter T. Örebech um orkupakka Evrópusambandsins númer þrjú. Hann sagði m.a. í stuttu erindi á fundi í Háskóla Íslands mánudaginn 22. október að það einkenndi umræðuna hjá þeim sem vildu innleiða orkumarkaðslagabálg ESB á Íslandi að hann sé sárameinlaus og feli í sér litlar breytingar frá örðum orkubálkinum sem nú er í gildi og verði áfram í gildi í EFTA löndunum.

„Þar til illu heilli meirihluti alþingismanna kann að fremja það afdrifaríka glappaskot að samþykkja þriðja orkumarkaðslagabálkin á Íslandi í stað þess að hafna honum.“

Allur orkugeirinn undir reglur EES-samningsins

„Afdrifaríkasta breytingin með þriðja orkumarkaðslagabálki ESB er sú að með innleiðingu hans færast allur orkugeirinn undir reglur EES samningsins um innri markað Evrópska efnahagssvæðisins. Sem þýðir að frelsin fjögur munu eftir þessa innleiðingu gilda um orkugeirann, en svo er ekki nú. Það sést best á því að ESA, eftirlitstofnun EFTA, hefur enga athugasemd gert við það þó hér ríki gjaldskrárkerfi á almenna markaðnum fyrir rafmagn.



Bjarni Jónsson rafmagnsverkfræðingur á fundi í HÍ.

Mynd / HKr.

Nýtt embætti „Landsreglara“ og stofnun orkukauphallar

Í kjölfar þessarar innleiðingar verður trúlega stofnað nýtt embætti, hugsanlega innan vébanda Orkustofnunar, en samt verður það að vera óháð boðvaldi orkumálastjóra og annarra íslenskra yfirvalda og á að vera óháð íslenskum hagsmunaaðilum samkvæmt raforkumarkaðstilskipun 200972 EB.

Embættið hefur verið nefnt „Landsreglari“, sem þýðing á enska heitinu „National regulatory authority“. Lýtur það boðvaldi ESA og ACER, orkustofnunar ESB, sem er undir beinni stjórn framkvæmdastjórnar ESB. Landsreglarinn verður þannig eins konar handbendi ESB innan íslenska orkugeirans og mun m.a. fá það hlutverk að fylgja eftir

raunverulegri markaðsvæðingu á raforkuviðskiptum á Íslandi að forskrift ESB.

Sú markaðsvæðing felur í sér stofnun orkukauphallar þar sem öll raforkuviðskipti utan langtímasamninga munu fara fram. Þar með talin spákaupmennska með afleiður orkuviðskipta fram í tímann eins og tíðkast í kauphöllum.

Það er stórvarasamt við íslenskar aðstæður að innleiða viðskiptalíkan með raforku sem sniðið er að gjörólíkum raforkumarkaði. Þar munar mest um mikinn fjölda raforkubirgja á mörkuðum ESB sem skapar grundvöll fyrir frjálsa samkeppni með raforku, en hételendis verður aldrei annað en fákeppni á því sviði upp á teningnum sem skapar hættu á markaðsmisnotkun í orkukaupum hételendis.“

Reist á áreiðanlegu aðgengi að hráorku

„Orkuviðskiptalíkan ESB er reist á áreiðanlegu aðgengi að hráorku sem er aðallega jarðefnaeldsneyti, en á Íslandi er hráorkan háð drottungum náttúrunnar. Úrfelli og snjóbráð fyrir vatnsaflsvirkjanir og vökvastreymi inn í gufufórðabúr jarðgufuvirkjananna. Svo ekki sé minnst á truflanavald á borð við eldgos og jarðskjálfta. Þessar tvær tegundir virkjana á Íslandi eru eðlisólíkar og hafa ólíkt kostnaðarmynstur sem skapar þeim ójafna samkeppnisstöðu. Innbyrðis svipuð samkeppnisstaða á orkumarkaði er hins vegar eitt af skilyrðum fyrir því að frjáls samkeppni á raforkumarkaði verði notendum til hagsbóta.“

Gæti leitt til orkuskorts

„Langtíma raforkuskortur hételendis getur t.d. orðið vegna ótæpilegrar notkunar á takmörkuðu miðlunarvatni með skammtíma gróðasjónarmið í huga. Eða vegna þess að fjárhagslegi hvatinn til nýrra virkjana er of lítill svo að nýjar virkjanir halda ekki í við aukna raforkuþörf í landinu. Af þessum sökum öllum og fleirum mun frjáls markaður leiða til hærri raforkuverðs á Íslandi en ella. Hann skapar líka meiri hættu á alvarlegum orkuskorti en þyrfti að vera ef viðhöfð væri samræmd orkulindastjórnun.“

Hækkun orkuverðs

„Hækkun raforkuverðs og raforkuskortur skerðir lífskjör almennings og rýrir samkeppnisstöðu landsins svo verulega að fælt getur fjárfesta frá og dregið úr atvinnusköpun. Í versta tilviki munu orkukræf fyrirtæki neyðast til að leggja upp laupana við mikinn óstöðugleika á raforkumarkaði hételendis. Þótt frjáls samkeppni gagnist stórum

ACER – Agency for the Cooperation of Energy Regulators og IceLink

ACER (Agency for the Cooperation of Energy Regulators), sem er orkustofnun Evrópusambandsins (ESB) hóf starfsemi í Ljubljana í Slóveníu árið 2011.

Hún hefur sett sæstreng

á milli Íslands og Bretlands á verkefnaskrá sína undir nafninu Ice Link. Aðstandendur verkefnisins eru sagðir Landvirkjun, Landsnet og National Grid Interconnector Holdings Ltd.

eldsneytiskerfum vel eru ýmis slæm dæmi um markaðsvæðingu í afmörkuðum vatnsorkukerfum. Það sem hins vegar þarf að innleiða hér til að ná þjóðhagslega hagkvæmstu nýtingu á orkulindum er samræmd orkulindastjórnun á öllum helstu virkjunum landsins óháð eignarhaldi.“

Landvirkjun skipt upp vegna markaðsráðandi stöðu

„Nú sér Landvirkjun að miklu leyti um þennan þátt, en aðeins fyrir sínar virkjanir, sem anna um 80% af markaðnum. Slík samræmd auðlindastjórnun þvert á fyrirtæki er óleyfilegt opinbert markaðsinngríp samkvæmt samkeppnisreglum innri markaðar EES. Svo að bestu orkulindanýtingu verður ekki komið við eftir innleiðingu þriðja orkumarkaðslagabálks ESB.“

Hvað mun gerast með eignarhald orkufyrirtækjanna á Íslandi eftir innleiðingu þriðja orkumarkaðslagabálksins?

„Prófessor Peter T. Örebech hefur sýnt fram á það í lögfræðilegri greiningu sinni á lagalegri greiningu Birgis Tjörva Péturssonar lögmans til iðnaðarráðherra, að fjórfrelsi EES markaðarins tekur gildi um allan orkugeirann í EFTA löndunum þremur, nema um einokunarstarfsemina í flutningum og dreifingu, um leið og þriðji orkumarkaðslagabálkurinn hefur verið innleiddur. Þetta þýðir t.d. að um leið og orkufyrirtæki eða hlutar úr þeim verða til sölu, þá koma erlendir kaupendur innan EES jafnt til greina sem innlendir.

Það má ganga út frá því sem vísu að ESA muni gera athugasemd við ríkisstjórnina út af yfirgnæfandi stærð Landvirkjunar á frjálsu raforkumarkaði á Íslandi. Hugsanlegur ágreiningur á milli ríkisstjórnarinnar og ESA út af leyfilegri markaðshlutdeild mun lenda hjá EFTA dómstólnum sem mun dæma samkvæmt samkeppnislögum Evrópuréttarins. Þá mun Landvirkjun í kjölfarið væntanlega verða skipt, hugsanlega í tvennt eða þrennt. Hvað verður þá um afhendingarskuldbindingar gömlu Landvirkjunar er óljóst.“

Landvirkjun fær líklega í eigu erlendrar aðila

„Við sölu á hlutum úr Landvirkjun munu einhverjar virkjanir og samsvarandi orkunýtingarréttur fyrirtækisins lenda hjá nýjum eigendum. Í þeim hópi er líklegt að finna megi stórt erlent orkufyrirtæki. Þessari stöðu mála í orkugeiranum hefur verið líkt við það að hleypa stóru evrópsku útgerðarfyrirtæki inn í landhelgina og sá samanburður er ekki að ofýrirsýnu.“

Fullyrðingar hraktar

Í tveimur greinargerðum íslenskra

lögmannna til iðnaðarráðherra og í málflutningi ráðherra og ráðuneyta hefur verið fullyrt, að í viðskiptum með raforku á Íslandi muni ýmis mikilvæg ákvæði EES samningsins um innri markaðinn, t.d. um bann við magntakmörkunum, ekki gilda fyrr en komið hefur verið á samtengingu íslenska raforkukerfisins við umheiminn. Þetta hrekur prófessor Örebech rækilega í greiningu sinni á hluta af greinargerð Birgis Tjörva Péturssonar lögmans.

Öll ákvæði EES samningsins um viðskipti og fjármagnsflutninga munu taka gildi um raforkugeirann íslenska strax og Alþingi samþykkir þriðja orkumarkaðslagabálkin. Starfræksla millilandasæstrengs skiptir engu máli fyrir þá gildistöku út af fyrir sig.“

Synjun Alþingis á leyfisveitingu vegna sæstrengs yrði marklaus

„Ráðherra iðnaðarmála hefur boðað framlagningu frumvarps til laga um að afgreiðsla leyfisumsókna um lagningu og tengingu sæstrengs skuli verða háð staðfestingu Alþingis. Það er mjög til marks um fullveldisafsalíð til ESB sem felst í innleiðingu þriðja orkumarkaðslagabálksins, að synjun Alþingis á leyfisveitingu Orkustofnunar og Landsreglarans fyrir þessum streng, mun ekki hafa nein lagaleg áhrif um niðurstöðu málsins í Evrópurétti.

Þess má geta að Evrópugerð númer 347-2013, felur í sér samræmingu á mati EES landanna á leyfisumsóknum á orkuflutningsmannvirkjum milli landa. Þar er m.a. kveðið á um að samþykkja beri verkefnið ef það er samfélagslega hagkvæmt og samfélag í þessu sambandi er allt Evrópska efnahagssvæðið. Það má þess vegna búast við að öll verkefni sem ACER hefur á annað borð samþykkt inn á skrá ESB um verkefni sameiginlegra hagsmuna hljóti samþykki Landsreglara og orkustofnunar viðkomandi lands.

Þess má geta að þrátt fyrir mikinn kostnað og vafasama fjárhagslega arðsemi styrkveitinga er IceLink sæstrengurinn milli Íslands og Bretlands enn inni á þessari verkefnaskrá sameiginlegra hagsmuna ESB.“

Meirihluti Norðmanna myndi fagna synjun Alþingis

Í niðurlagi erindis síns á fundinum í Háskóla Íslands sagði Bjarni:

„Áhætta Íslendinga af þessum innleiðingum er margfalt meiri en að hafa innleiðingu þriðja orkumarkaðslagabálksins og þar með allra fylgifyrirsýna hans sem hafa komið frá Brussel og munu koma. Meirihluti Norðmanna myndi fagna synjun Alþingis því samningsstaða Norðmanna er sterk við gerð sersamninga við ESB um gas- og raforkuvirkjanir.“


Fjármálaráðherra vill fast verð á raforku um sæstreng

Hugmyndir um lagningu rafstrengs milli Íslands og Bretlands hafa verið uppi á borðinu í það minnsta á annan áratug. Þetta verkefni fékk fyrir nokkrum árum nafnið IceLink og breskir ráðamenn hafa sótt fast að það verði að veruleika.

Breska blaðið The Telegraph birti frétt um það í júní sl. að Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra Íslands, hafi farið fram á það við bresk yfirvöld að samið yrði um fast orkuverð til langs tíma vegna áforma um

sæstreng milli landanna. Haft er eftir Bjarna að verkefnið þurfi að fara í gegnum margar hindranir, [pass a lot of hurdles] sem vörðuðu m.a. umhverfismál og skipulagsmál áður en það fengist samþykkt. Einnig hafði blaðið það eftir fjármálaráðherranum að verkefnið muni nota íslensk eldfjöll til að framleiða orku fyrir bresk heimili.

Miðað við þessa frétt er leynt og ljóst unnið að framgangi málsins bæði af hálfu íslenskra og breskra stjórnvalda.



Þessi mynd af verði raforku birtist í breska blaðinu The Telegraph í janúar 2017 í tengslum við ítarlega úttekt á mögulegum sæstreng frá Íslandi til Bretlands. Samvæmt þessu má ætla að raforkuverð á Íslandi geti hækkað verulega. Bannað yrði að mismuna orkukaupendum hvorum á sínum enda sæstrengsins IceLink um leið og hann yrði tengdur við orkunet Evrópu. Það sama gerðist að mati norska lagaprófessorsins Peter T. Örebech við innleiðingu orkupakka 3 jafnvel þó engin strengur yrði lagður. Afleiðingin yrði sú að orkuverð á Íslandi yrði að taka mið af markaðsverði í Evrópu. Það getur þýtt að orkuverð til íslenskra heimila hækkaði stórlega og fylgdi orkuverðssveiflum í Evrópu. Íslensk stjórnvöld hefðu hreinlega ekkert með það að segja, heldur ACER, orkustofnun ESB.

Valdaframsal vegna orkupakka 3 er skýrt brot á stjórnarskrá

— segir lögfræðingurinn og fyrrverandi alþingismaður, Vigdís Hauksdóttir

Vigdís Hauksdóttir, lögfræðingur, fyrrverandi alþingismaður og núverandi borgarfulltrúi í Reykjavík, hélt einnig tölu á fundinum í HÍ. Hún sagði ljóst að um gríðarlegt valdaframsal yrði að ræða ef Alþingi samþykkti orkupakka 3.

Sagði hún ljóst að það væru ákveðin öfl sem hömuðust í því hér á landi að einkavæða Landsvirkjun. Innleiðing þessa orkupakka væri mikilvægur hlekkur í því dæmi.

„Það hefur hér verið sýnt fram á hvernig ESB vinnur, en þetta hefur verið kallað „spægipylsuaðferðin“. Fyrst kemur pakki 1, svo kemur pakki 2, síðan pakki 3, jafnvel pakki 4 og í þessu felst meira og meira valdaafsal fyrir ríkin þrjú sem eru í EFTA.

Þetta er þvert á stjórnarskrá okkar þótt stjórnarskrá Noregs sé aðeins með öðrum hætti. Norðmenn hafa breytt sinni stjórnarskrá í þá veru að þeir viðurkenna valdaframsal vegna reglugerða sem þarf að taka upp í gegnum EES réttinn. Hér er þetta ekki hægt. Þegar það er verið að taka ákvörðun um svona hluti, eins og þessi orkupakki 3 felur í sér, þá er það skýrt brot á stjórnarskrá. Þá er sagt, þetta hefur verið gert áður og það er komið frumkvæði að slíku. Einnig að þetta sé ekkert meira en síðast og svo framvegis.

Hér er verið að leggja til stofnun sem yfirtækur að mestu leyti yfirráð okkar yfir orkumálunum. Áður hafa komið upp mál þar sem er verið að framselja dómsvald úr landi. Það var mjög hörð umræða um það á þarsíðasta þingi að mig minnir.“

Mikilvægt að standa í lappirnar

„Svona smám saman breyta varnarnar okkar og það er ég ósátt við. Þess vegna er mikilvægt að við stöndum í lappirnar í þessu máli því hér er verið að fjalla um náttúruauðlindir Íslands. Ef það verður eitthvað sem skortir í nánustu framtíð, þá eru það



Vigdís Hauksdóttir. Mynd / HKr.

náttúruauðlindir og þau gæði sem þær gefa hverri þjóð sem þær hafa. Orkuskiptur er fyrir löngu orðinn viðvarandi í ríkjum ESB. Það var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla í Svíþjóð á síðustu öld um það hvort ekki ætti að loka kjarnorkuveri í Svíþjóð 2012. Eftir því sem ég best veit er ekki enn búið að loka því. Það er gríðarlegur orkuskiptur í ríkjum Evrópusambandsins og þar eru gömul orkuver sem er verið að loka vegna mengunar og það er sá raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir. — Hvert er þá gott að líta? — Jú, til þess ríkis sem hefur gnógt af fallvötnum og tækifærum til að framleiða hreina orku sem svo mikil eftirspurn er eftir, í stað þess að framleiða orku með kolum, olíu, gasi og jafnvel kjarnorku. Við stöndum því á svo breyttum tímamótum og þetta hefur verið

að gerast mun hraðar en við gátum ímyndað okkur.“

Íslandi yrði skylt að tryggja þurfandi ríkjum ESB orku

Vitnaði Vigdís einig í Lissabon-sáttmálann sem væri í raun stjórnarskrá Evrópusambandsins og væri hafin yfir öll innri lög ríkja sambandsins. Þar væri sérstakur 21. bálkur og 194. grein um orkumál sem segði m.a.:

„Með tilliti stofnunar og starfsemi innri markaðarins og með skírskotun til þarfarinnar á að varðveita og bæta umhverfið, skal stefna sambandsins í orkumálum miðað við því í anda samstöðu meðal aðildarríkjanna, að tryggja starfsemi orkumarkaðarins, tryggja öryggi orkuafþendingar í sambandinu, auka orkunýtni og orkusparnað og stuðla að þróun nýrra og endurnýjanlegra orkugjafa og að stuðla að sameiningu orkuneta. — Parna liggur þetta allt fyrir.“

Sagði Vigdís það klára skyldu ríkja í ESB að skaffa öðrum ríkjum í sambandinu orku ef þau skorti orku.

Benti hún einnig á að í ESB viðræðunum sem fram fóru við íslensk stjórnvöld fyrir nokkrum árum hafi ESB verið búið að lofa íslenskum stjórnvöldum hagstæðu láni til að leggja sæstreng — ef þau bara gengju í sambandið.

Með innleiðingu orkupakka 3 framselur Alþingi ACER úrslitavald

„Með lögleiðingunni framselur Alþingi orkustofnun ESB, ACER (Agency for the Cooperation of Energy Regulators), úrslitavald yfir raforkuflutningsmálum landsins.

Í ACER ræður hreinn meirihluti fulltrúa ESB ríkjanna ákvarðanatökunni, en Ísland mun aðeins eiga þar áheyrnarfulltrúa.

Við ákvarðanatökur, er varða hagsmuni Íslands, hallar mjög á Ísland í þessari fjölbjóðlegu stofnun.“

Úr umsögn BJ við drögum að frumvarpi til laga um breytingar á orkulögum og lögum um Orkustofnun (innleiðingu tilskipunar og viðlagaákvæði).



Öflugar vélar.
Þarfnast lítils viðhalds.



We are Fliegl.


RAG · import export · Helluhraun 4 220-Hafnarfjörður
 Tel + 354 565-2727 · Mobile + 354 892 7502 · Email: rafn@rag.is



SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Greiðum 25.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma **581 4138**.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2019

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, og öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2018. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafni) og á Húsverndarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.



Suðurgötu 39,101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is




HAUST TILBOÐ

gildir frá 15.10.-15.12.2018

Öll verð eru í íslenskum krónum með vsk. og birtast með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur. Tilboð gilda á meðan að birgðir endast.

raflöðu borvél AKS45IND



18 V - 2 lithium-ion raflöður

23.500,-

tífsög DKS21PRO



20.467,-

rennibekkur tré D300F



rennibekkur og rennijárnasett

55.000,-

verkstæðispressur WP20H & WP30PLUS

	WP20H	WP30PLUS
slag	190 mm	160 mm
þrýstingur	20 t	30 t
vinnusvæði	0-988 mm	166-1126 mm
stærð	850x1800 mm	780x750x1838 mm
þyngd	93 / 120 kg	170 / 206 kg

55.600,- **131.100,-**

WP20H WP30PLUS

rafmagnshjól EKR20M



3 fasa - 1500/2200 W
20 m kapall

32.600,-

SKOÐIÐ FLEIRI VORTILBOÐ FRÁ HOLZMANN Á HEIMASÍÐU IDNVELA: WWW.IDNVELAR.IS

IDNVELA

Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | www.idnvelar.is